

# Erindisbréf fyrir skólanefnd Skútustaðahrepps.

## Meginhlutverk

Skólanefnd Skútustaðahrepps fer, í umboði sveitarstjórnar, með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta\* og því sem sveitarstjórn felur henni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps eins og hún er hverju sinni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,
- e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- h. veita umsögn un ráðningu skólastjóra og kennara.
- i. að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa. Nefndinni er ekki heimil fullnaðarafgreiðsla mála.

## Fundir og starfshættir

Skólanefnd skal skipuð fimm fulltrúum kosnum af sveitarstjórn Skútustaðahrepps í upphafi hvers kjörtímabils. Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Sveitarstjórn skipar formann skólanefndar en ritari og varaformaður skulu kosnir af skólanefnd á fyrsta fundi hennar.

Formaður skólanefndar eða varaformaður í forföllum hans boðar eða lætur boða fundi í skólanefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Boða ber til fundar, ef þriðjungur eða fleiri aðalmanna í skólanefnd æskir þess. Formaður kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en 8 sinnum á ári.

Þegar skólanefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga þessara gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að stíja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er skólanefnd berast skulu skráð í fundargerð eða trúnaðarmálabók eftir því sem við á, í samræmi við reglur Skútustaðahrepps hverju sinni.

Fulltrúar starfsmanna, foreldra og skólastjórar eiga rétt til setu á fundum skólanefndar í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Kjörnum fulltrúum í skólanefnd er heimilt að koma saman til svokallaðra „vinnufunda“ án þess að boða þá aðila sem lögum samkvæmt eiga rétt til setu á formlegum skólanefndarfundum. Hins vegar verður að líta svo á að slíkir fundir séu óformlegir og ekki teknar þar ákvarðanir né haldin opinber gjörðabók, þeir eru m.ö.o. ekki formlegir skólanefndarfundir.

Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Skólanefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal skólanefndar við umræðu og afgreiðslu þess, sbr. 3., 4. og 5. greinar Stjórnslulaga nr. 37/1993.

Ályktun skólanefndar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir sveitarstjórnar, skal ætíð send sveitarstjóra í sérstöku erindi. Sveitarstjóri leggur ályktanirnar fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Þeir sem sitja fundi skólanefndar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál, er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst, þó að látið sé af störfum.

## **Nemendur og skólasókn**

Foreldrar, sem óska eftir undanþágu frá 3. gr. til að geta kennt börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags. Skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og sérfræðiþjónustu.

Vísi skólastjóri nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, tilkynnir hann skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla viðeigandi kennsluúrræði.

## **Meðferð ágreiningsmála**

Um meðferð kærumála skv. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 91/2008, fer að ákvæðum stjórnslulaga.

Samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 23. október 2008.

---

\*Sérstaklega stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996, sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008, og lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum. Auk þess reglugerðum sem vísað er til í áður nefndum lögum, ásamt öðrum lögum, reglugerðum og auglýsingum er ótalin eru hér.